Dregur enn til tíðinda í skólamálum á Bolungarvík:

Gísli kennari höfðar mál á hendur menntamálaráðherra

— Skólastjórinn sýnir valdníðslu og er studdur af menntamálaráðherra, segir Valdimar Gíslason skólanefndarmaður

Gísli Hjartarson, fyrrverandi kennari við grunnskólann á Bolungarvík, hefur nú ákveðið að höfða mál á hendur menntamálaráðherra í kjölfar brottvikningar úr kennarastöðu sinni í sumar. Gísli hefur verið kennari við grunnskólann undanfarin 4 ár og ætið notið stuðnings skólanefndar þar til í sumar að hún klofnaði í umsögn sinni. Tveir voru með og tveir á móti en fimmti maðurinn var erlendis.

„Skólastjórinn sýnir valdníðslu, studdur af menntamálaráðherra, er Gísli er hrakinn frá störfum," sagði Valdimar Gíslason skólanefndarmaður við DB í gær. Örn Jóhannsson, annar skólanefndarmaður, var annar þeirra er snerist gegn Gísla. Vildi hann ekkert láta hafa eftir sér um málið. Ólafur Kristjánsson var hinn sem ekki studdi Gísla.

Gísli hefur átta ára kennslureynslu, þar af tvö ár sem skólastjóri á Ströndum. Hann er réttindalaus en hefur sótt námskeið í Kennaraháskólanum. Hann er fatlaður, einhentur eftir slys á unga aldri, og þykir mönnum það skjóta skökku við að vísa honum úr starfi á ári fatlaðra.

Ástæða þess að hann heldur ekki áfram kennslu er ósætti hans og skólastjóra. Gísli hefur verið ráðinn tvö undanfarin haust með samþykki skólanefndar en gegn vilja skólastjóra. Tveir ungir kennarar með stúdentspróf hafa verið ráðnir að skólanum nú, báðir réttindalausir. Gísli hafði lagt stund á réttindanám en gaf það upp á bátinn eftir erjurnar á síðasta skólaári. „Lái honum hver sem vill," sagði Valdimar Gíslason við DB.

-SSv/JH/KMU.



Gísli Hjartarson kennari á Bolungarvík vinnur nú í íshúsinu á staðnum.
DB-mynd: KF, Bolungarvík.

Seðlabankinn bætir gengistap af afurðalánum:

„Bætur fyrir iðnaðinn nema 2,5-4 prósentum"

— segir Úlfur Sigurmundsson forstöðumaður Útflutningsmiðstöðvarinnar

„Mér skilst að 8 milljónir króna standi iðnaðinum til boða nú þegar Seðlabankinn bætir útflytjendum afurða til Evrópulanda gengistap af afurðalánum. Þetta er bót fyrir iðnaðinn sem nemur 2,5—4 prósentum af útflutningsverðmætinu," sagði Úlafur Sigurmundsson, forstöðumaður Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins, í viðtali við DB í gær.

Gengistapið, sem nú skal bætt, hefur orðið til þegar útflytjendur hafa tekið afurðalán miðuð við dollar en selt á Evrópumarkaði fyrir gjaldmiðla viðkomandi landa. Gengi dollars hefur hækkað mikið á árinu samanborið við gengi Evrópugjaldmiðla. Við það hafa þeir sem slík afurðalán hafa tekið orðið að greiða meira fyrir lánin sín en svarar til þess verðs sem þeir hafa fengið fyrir afurðirnar. Gengisstapið, sem þeir hafa orðið að þola, hefur safnazt fyrir í Seðlabanka en skal nú bætt útflytjendunum. Þessar greiðslur Seðlabankans til útflytjenda eru taldar nema 30—32 milljónum króna en af þeim fær sjávarútvegurinn bróðurpartinn. Bætt verður fyrir tímabilið frá áramótum til ágústloka.

Úlfur sagðist reikna með að útflutningur iðnaðarvara á tímabilinu næmi 400—420 milljónum. Þar af hefði útflutningur til Evrópulanda verið á bilinu 50—70 prósent. Iðnaðurinn fengi nú 8 milljónir, þegar gengistap væri bætt, sem væru því 2,5 til 4 prósent af umræddum útflutningi.

Úlfur sagði einnig að auðvitað hefðu margir iðnrekendur flutt afurðir út til Evrópulanda án þess að hafa tekið lán í dollurum, og virtust þeir ekki vera inni í myndinni.

-HH.

Byggingarnefnd Seljaskóla

óskar eftir tilboðum í gerð grunns, sökkla og botnplötu að íþróttahúsi við skólann. Útboðsgögn verða afhent á Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur gegn 1000 kr. skilatryggingu. Tilboð verða opnuð á sama stað miðvikudaginn 7. október næstkomandi kl. 11.

10. þing Verkamannasambands Íslands

verður haldið í Reykjavík dagana 16.—18. október nk. Þingið verður haldið að Hótel Loftleiðum og hefst föstudaginn 16. október kl. 16.
Kosningu fulltrúa á þingið skal vera lokið fyrir mánudag 12. október.
Sambandsfélögin eru vinsamlega beðin að skila kjörbréfum til skrifstofu VMSÍ, Lindargötu 9, eigi síður en þrem dögum fyrir þing.

Verkamannasamband Íslands.




Orðsending til húsbyggjenda

frá Hitaveitu Suðurnesja

Þeir húsbyggjendur sem vilja fá hús sín tengd hitaveitu í haust og vetur þurfa að sækja um tengingu sem fyrst og eigi síðar en 20. október nk. Hús verða ekki tengd, nema þeim hafi verið lokað á fullnægjandi hátt, gólfplata steypt við inntaksstað og lóð jöfnuð í pípustæðinu.
Ef frost er í jörðu þarf húseigandi að greiða aukakostnað sem af því leiðir að leggja heimæðar við slíkar aðstæður.

Hitaveita Suðurnesja.



„Þokast í samkomulagsátt"

— segir Guðmundur Axelsson í Klausturhólum um kaup borgarinnar á Lífshlaupi Kjarvals

„Það verða frekari fundahöld á morgun," sagði Guðmundur Axelsson í Klausturhólum er DB innti hann eftir hvernig samningaviðræðurnar við Reykjavíkurborg varðandi kaupin á lífshlaupi Jóhannesar Kjarvals gengju.

Samningsaðilarnir hafa hitzt mjög reglulega undanfarið og að sögn Guðmundar „þokast heldur í samkomulagsátt". Má því reikna með að af kaupunum verði áður en langt um líður.

-SSv.

Enginn fiskur í síldinni:

Atvinnuleysi í frystihúsinu á Höfn

Á meðan Hafnarbátar veiða síld hver sem betur getur er ekkert veitt af öðrum fiski. Því hefur vinna í frystihúsinu á Höfn legið niðri undanfarið nema þá er síld hefur verið söltuð. Reynt hefur verið að fá togara til að landa en útgerðarmenn vilja víst fremur láta þá landa í Færeyjum. Leitað hefur verið til fiskmiðlunarnefndar, sem stofnuð var fyrir nokkrum árum, en enn án árangurs. Gripið var til þess ráðs á dögunum, til að láta fólkið hafa eitthvað að gera, að flytja 12 tonn af togarafiski landleiðina frá Eskifirði. Þykir ekki líklegt að það borgi sig.

-DS/Júlía, Höfn.